

# Verum viss um að þú sért þú

Áreiðanleikakönnun einstaklinga  
hjá fjármálafyrirtækjum

## Sameiginleg ábyrgð

Peningaþvætti er ólöglegt. Til að koma í veg fyrir peningaþvætti þurfa fjármálafyrirtæki að treysta á samvinnu við viðskiptavini sína. Þetta er gert með reglulegum áreiðanleikakönnunum.

Í lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti eru kröfur lagðar á fjármálafyrirtæki til að koma í veg fyrir þetta alþjóðlega vandamál, sem er talið ein af undirstöðum skipulagðrar glæpastarfsemi. Þess vegna ber öllum fjármálafyrirtækjum skylda til að þekkja alla viðskiptavini sína. Til að framfylgja þessum kröfum framkvæma fjármálafyrirtæki áreiðanleikakönnun við upphaf viðskiptasambands og reglulega meðan á því stendur. Viðskiptavinir mega því alltaf búast við að vera spurðir spurninga eða að kallað verði eftir gögnum.

## Áreiðanleikakönnun

Með áreiðanleikakönnun vilja fjármálafyrirtæki tryggja að upplýsingar um viðskiptavinum séu ávallt réttar. Þannig stuðla þau að öryggi viðskiptavina sinna.

Með áreiðanleikakönnun er m.a. átt við að einstaklingur sanni á sér deili, athugað sé hvort hann lúti viðskiptabanni eða -hömlum, hvort hann hafi stjórnmalaleg tengsl eða tengist starfsemi eða háttsemi sem ekki samræmist áhættustefnu fjármálafyrirtækisins.

Samræmist niðurstöður ekki áhættustefnu er heimilt að hafna eða slíta viðskiptasambandi.



## Aukin áreiðanleikakönnun

Undir vissum kringumstæðum þarf að framkvæma aukna áreiðanleikakönnun. Þá er kallað eftir ítarlegri upplýsingum um viðskiptavin, svo sem um uppruna fjármuna. Það er gert þegar:

- > Einstaklingar eru staðsettir í áhættusömum eða ósamvinnuþýðum ríkjum skv. lista eftirlitsaðila.
- > Áhættumat gefur til kynna aukna áhættu.
- > Einstaklingar eru í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla.

**Skv. lögum eru einstaklingar sem eru eða hafa verið háttsettir í opinberri þjónustu, ásamt nánustu fjölskyldu þeirra og samstarfsmönnum, í áhættuhópi. Dæmi um þetta eru þjóðhöfðingjar, þingmenn, ráðherrar og dómarar.**

## Frekari upplýsingar

Viðskiptavinir geta leitað til viðkomandi fjármálafyrirtækis til að fá frekari útskýringar eða ef þeir telja erfiðleikum bundið að verða við beiðni um upplýsingar.

**Skv. lögum þurfa fjármálafyrirtæki að safna persónuupplýsingum. Vinnsla þessara upplýsinga er í samræmi við lög um persónuvernd og fer einungis fram þegar málefnalegar ástæður eru fyrir hendi og hún er nauðsynleg í því skyni að uppfylla lagakröfur.**

